



Minnisblað til bæjarráðs Mosfellsbæjar

Efni: Minnisblað vegna rekstrarstöðu Skálatúns, tillaga að lausn á bráðavanda

Dags: 27. júní 2022

Málsnúmer: 202206678/-

Málsmeðferð: Til umfjöllunar

Starfsmaður: Sigurbjörg Fjölfnisdóttir, Framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs

Forsaga

Þjónusta við íbúa Skálatúns er á ábyrgð Mosfellsbæjar frá því sveitarfélagið tók yfir samning Skálatúns við ríkið í kjölfar tilflutnings málaflokks fatlaðs fólks til sveitarfélaga 1. janúar 2011.

Í nokkur ár hafa staðið yfir viðræður milli Skálatúns og Mosfellsbæjar vegna reksturs Skálatúns og greiðslur samkvæmt samningi milli aðilanna sem rann út á árinu 2014. Á árinu 2019 var skipaður sáttasemjari af hálfu félagsmálaráðuneytisins til að leiða samningaviðræður milli aðilanna. Vinna sáttasemjara og tvær rekstrarúttektir sem voru gerðar í kjölfarið voru kynntar í bæjarráði 20. maí og 18. júní 2020.

Þann 10. desember 2020 var samþykkt í bæjarráði að fela bærarstjóra að ræða við IOGT um framtíðarskipulag á rekstri Skálatúns.

Greinargerð

Valkostagreining

Í febrúar á þessu ári óskaði Mosfellsbær eftir því að HLH ráðgjöf ynni greiningu á valkostum vegna framtíðarskipulags Skálatúns. Voru þar lagðir til grundvallar þrír valkostir;

- Að Mosfellsbær tæki yfir rekstur, skuldbindingar og eignir Skálatúns
- Að Mosfellsbær tæki yfir rekstur Skálatúns
- Að halda óbreyttu samningssambandi milli aðilanna.

Voru niðurstöður þeirrar greiningar kynntar á fundi með fulltrúum Mosfellsbæjar, Jöfnunarsjóðs og Skálatúns þann 17. maí sl. og er fylgigagn með þessu minnisblaði. Þar töldu greiningaraðilar að fyrsti kosturinn, það er að yfirtaka Skálatún að öllu leyti væri sá valkostur sem horfa ætti til. Stjórn Skálatúns samþykkti þann valkost til útfærslu á fundi sínum þann 1. júní sl. sem stjórn IOGT hefur staðfest á sínum fundi þann 7. júní sl.

Á fundi aðilanna 17. maí sl. var lagt til að stofnaður yrði þriggja manna starfshópur sem myndi fjalla um fyrirhugaða yfirtöku Mosfellsbæjar og skila tillögum þess efnis. Sá hópur yrði skipaður fulltrúa Skálatúns, fulltrúa Mosfellsbæjar og einum utanaðkomandi oddamanni. Skálatún hefur nú þegar skipað aðila inn í hópinn en Mosfellsbær á eftir að tilnefna fulltrúa og skipa oddamann.

Bráðavandi

Skálatún hefur unnið að þeim tillögum að hagræðingu í rekstri sem lagðar voru til í fyrrnefndum rekstrarúttektum en samkvæmt drögum að ársreikningi Skálatúns fyrir árið 2021 er rekstrartap ársins þrátt fyrir það 175 m.kr. Að auki sendi framkvæmdastjóri Skálatúns bréf til Jöfnunarsjóðs dagsett 17. maí 2022, með afriti á Mosfellsbæ, þar sem alvarleg staða rekstursins var tilgreind. Kemur fram í því bréfi, sem lagt er fram sem gagn í málinu samhliða þessu minnisblaði, að bráðavandi Skálatúns séu rúmar 109 m.kr. og aðrar skammtímaskuldir sem þarf að leysa hratt



MOSFELLSBÆR
VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSEKNI UMHYGGJA

séu 150 m.kr. til viðbótar, eða samtals 259 m.kr. Samhliða því sé nauðsynlegt að hækka framlag til Skálatúns til að hægt sé að greiða niður skammtímaskuldir og vinna bug á áframhaldandi skuldasöfnun. Framkvæmdastjóri Skálatúns óskar í því bréfi eftir aðkomu Jöfnunarsjóðs sem og Mosfellsbæjar til að leysa þann fjárhagsvanda.

Á fundi ráðgjafanefndar Jöfnunarsjóðs þann 24. júní sl. var samþykkt að Jöfnunarsjóður myndi greiða 55 m.kr. til Skálatúns til að koma til móts við bráðavandann. Eftir standa því 55 m.kr. af bráðavandanum sem hér er lagt til að Mosfellsbær veiti inn í rekstur Skálatúns til að hægt sé að vinna bug bráðavandanum. Sú upphæð verði meðhöndluð sem skuld Skálatúns við Mosfellsbæ í uppgjöri vegna fyrirhugaðrar yfirtöku.

Jafnframt var samþykkt á fundi ráðgjafanefndarinnar að hækka framlag Jöfnunarsjóðs vegna Skálatúns um 241 m.kr. á árinu 2022 til að tryggja að ekki yrði um meiri skuldasöfnun að ræða auk þess sem það myndi gera Skálatúni kleift að greiða niður skammtímaskuldina upp á 150 m.kr.

Þessi ráðstöfun jöfnunarsjóðs gildir fyrir árið 2022 og er skilyrt því að bærinn hefji viðræður við Skálatún um að sveitarfélagið taki við rekstri Skálatúns og að viðræðunum ljúki á árinu, að framlag ársins 2023 taki mið af niðurstöðu viðræðanna, að framkvæmdastjóri Skálatúns skili Mosfellsbæ og Jöfnunarsjóði greinargerð um reksturinn á árinu 2022 og hagræðingaraðgerðum og loks að Mosfellsbær greiði 55 m.kr. sem er helmingur af bráðavandanum.

Tillaga að lausn bráðavanda Skálatúns og vinna starfshóps

Fjárhagsleg staða Skálatúns er alvarleg og mikilvægt að leysa bráðavanda á næstu dögum til að tryggja hnökralausa þjónustu við íbúa Skálatúns auk þess sem annan skammtí mavanda þarf að leysa hratt.

Því er lagt til að bæjarráð samþykki eftirfarandi aðgerðir:

- Að veitt verði 55 m.kr. viðbótarframlag til að leysa bráðavanda Skálatúns sem verður hluti af uppgjöri Skálatúns við yfirtöku Mosfellsbæjar á starfseminni. Fjármálastjóra verði falið að undirbúa viðauka til samræmis við það samhliða viðauka vegna breytinga á uppfærðu skiptihlutfalli framlaga frá sjóðnum.
- Að veitt verði heimild til að hefja formlegar viðræður um yfirtöku Mosfellsbæjar á rekstri, skuldbindingum og eignum Skálatúns.
- Að Mosfellsbær skipi fulltrúa í starfshópinum og bæjarstjóra verði falið að undirbúa samning við utanaðkomandi sérfræðing sem oddvita starfshópsins sem heldur utan um og stýrir vinnu hópsins.

Virðingarfyllst,
Sigurbjörg Fjólnisdóttir